

Borgarráð
6. september 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um nýtingu jarðhæðar Ráðhússins

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði leggja til að rýmið á jarðhæð Ráðhúss Reykjavíkur verði nýtt undir þjónustu við borgarbúa með það að markmiði að auðvelda aðgengi, upplýsingagjöf og þjónustu.

Greinargerð:

Rýmið sem losnar á jarðhæð Ráðhúss Reykjavíkur er tilvalið undir bætta þjónustu við íbúa borgarinnar enda er Ráðhúsið vel staðsett og rýmið á jarðhæð þess almannarými. Borið hefur á því að borgarbúar hafi átt erfitt með að fá úrlausn sinna mála og upplýsingar frá borgaryfirvöldum. Hér kann að vera gullið tækifæri til að nýta húsnæði ráðhússins betur, opna kerfið og færa þjónustuna nær borgarbúum. Margir einkaaðilar sinna ferðamönnum en enginn annar en borgin getur sinnt íbúunum í borgarmálum.